

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3	BÓK 213 tölvubókhald Kennsluáætlun vor 2012	

Kennari	Leifur Brynjólfsson	Sk.st.	LEB
----------------	---------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Gert er ráð fyrir að nemendur, sem hefja nám í þessum áfanga, hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald, skráð færslur og lokað bókhaldi samkvæmt reglukerfi tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð og tölvutæknin notuð til þess að færa bókhald eftir fylgiskjöllum. Farið er yfir þær kröfur sem gerðar eru til tölvubókhaldskerfa og varðveislu gagna sem notuð eru við slíkt bókhald. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hvernig fjárhagsbókhald sækir upplýsingar í birgðabókhald, viðskiptamannabókhald, sölubókhald og launabókhald. Kynntir eru möguleikar á ýtarlegri skýrslugerð ásamt túlkun og greiningu upplýsinga. Nemendum er kynnt mikilvægi upplýsingakerfa fyrir stjórnendur í nútímaviðskiptaumhverfi þar sem nákvæmar upplýsingar nýtast þeim til skilvirkar ákvarðanatöku. Áfanginn er jafngildur BÓK403.

Markmið:

Að nemandi:

- geti sett upp og skipulagt bókhaldslykla
- skilji tengsl fjárhagsbókhalds við önnur kerfi, svo sem birgðabókhald, viðskiptamannabókhald, sölubókhald og launabókhald
- geti skráð, bókað og bakfært fylgiskjöl í mismunandi kerfum
- geti stofnað og eytt vörunúmerum, birgjum og viðskiptamönnum
- geti útbúið launaseðla og skilaskýrslur
- geti gert upp fyrir tiltekið reikningstímabil
- geti nýtt upplýsingakerfi til markvissrar upplýsingaöflunar og skýrslugerðar
- geti túlkað upplýsingar
- þekki flokkun, merkingu og varðveislu fylgiskjala

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Ljósrit	Notuð eru ljósrituð fylgiskjöl hársnyrtistofunnar <i>Í hár saman</i> frá Tölvufræðslunni á Akureyri.
Verklegar æfingar	Verklegar æfingar felast í því að raða fylgiskjölunum inn í möppu, merkja þau og síðan að bóka í tölvubókhaldskerfið Netbókhald.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3	BÓK 213 tölvubókhald Kennsluáætlun vor 2012	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (verklegur hluti)	Verkefni
2	Kynning á áfanganum.	
3	Kynning á bókhaldskerfinu Netbókhald Búnir til nýir reikningslyklar, fylgiskjölum raðað inn í möppu og viðskipti janúarmánaðar bókuð.	
4	Bókuð viðskipti janúarmánaðar	
5	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í febrúar bókuð	
6	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í febrúar bókuð	
7	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í mars bókuð. Unnið þriggja mánaða uppgjör.	Uppgjör að loknum þremur mánuðum.
8	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í apríl bókuð	
9	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í maí bókuð	
10	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í júní bókuð. Unnið sex mánaða uppgjör.	Uppgjör að loknum sex mánuðum.
11	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í júlí bókuð	
12	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í ágúst bókuð	
13	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í september bókuð. Unnið níu mánaða uppgjör.	Uppgjör að loknum níu mánuðum.
14	Páskafrí	
15	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í október bókuð	
16	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í nóvember bókuð	
17	Fylgiskjölum raðað og viðskipti í desember bókuð. Unnið ársuppgjör.	Ársuppgjör.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3	BÓK 213 tölvubókhald Kennsluáætlun vor 2012	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verklegt	1. uppgjör gildir 10%, 2. 3. og 4. uppgjör gildir 20% hvert.	70%
Ástundun og vinnusemi.	Í þessum matshluta gildir mæting í kennslustundir mest. 95 - 100% = 10, 90 - 94% = 8, 85 - 89% = 6, 80 - 84% = 4 <80% = 0.	15%
Annað	Heildarfrágangur og útlit möppu	15%

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 10. janúar 2012

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils